



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. desember 2020

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni), 103. mál.

Velferðarnefnd Alþingis hefur sent Lögreglustjóranum á Suðurnesjum til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni).

Sambærilegt frumvarp og það sem nú liggur fyrir nefndinni hefur þrívægis verið lagt fram. Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum skilaði inn umsögn við framlagningu frumvarps á löggjafafingi 146, þingskjal 559., mál 426. Er sú umsögn nú ítrekuð en einnig vísað til umsagnar embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu frá 12. júní 2019 sem lagt var fram á 149. löggjafafingi, mál 126 og ítrekuð þann 1. desember sl.

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum vill aukinheldur ítreka að í framlögðu frumvarpi er í b. lið þess gert ráð fyrir að öll brot gegn 98. gr. barnaverndarlaga sæti ekki rannsókn lögreglu nema að undangenginni kæru frá barnaverndaryfirvöldum. Slíkt mun að mati embættisins minnka verulega réttarvernd barna og er andstætt þeim sjónarmiðum að hagsmunir barnsins skuli ávallt hafðir að leiðarljósi. Er það mat embættisins að slík málsgrein sé eingöngu til þess fallin að setja inn kerfisbundnar hindranir við rannsókn lögreglu á ætluðum brotum gegn börnum skv. ákvæðinu enda hefst rannsókn í slíkum málum gjarnan á útkalli til lögreglu sem síðan kallar til barnavernd á vettvang og má í dæmaskyni nefna heimilisofbeldismál. Að mati lögreglustjóra myndi skilyrði fyrir kæru frá barnavernd geta leitt til réttarspjalla og tafa á slíkum málum.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum,


Alda Hrónn Jóhannsdóttir, yfirlögfræðingur



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustigur 39, 260 Reykjaneshar, sími: 444 2200

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna þingskjals nr. 559–426. mál.

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum (hér eftir nefnt LSS) lýsir hér með yfir ánægju sinni með að framangreint frumvarp um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni) sé komið fram. LSS styður markmið lagabreytingarinnar, þ.e. að tryggja réttindi barna til að eiga samskipti við báða foreldra sína í þeim tilvikum þegar foreldrar hafa slitið samvistum og þ.a.l. rétt foreldra til að umgangast börn sín.

LSS hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir:

1. Að mati LSS er það athugunarvert að í frumvarpinu er hvergi gert ráð fyrir aðkomu lögreglu að málum er varða tálmun eða takmörkun á umgengni. Virðist frumvarpið einungis gera ráð fyrir því að verði frumvarpið að lögum muni aukið álag verða á barnaverndaryfirvöld, a.m.k. til að byrja með. Að mati LSS má ganga út frá því sem vísu að rannsókn og saksókn mála er kunna að verða rekin á grundvelli hinnar framkomnu tillögu verði í höndum lögreglu líkt og þegar um er að ræða önnur mál er heyra undir XVIII. kafla barnaverndarlaga.

Þrátt fyrir að barnaverndaryfirvöld muni að einhverju leyti sinna rannsókn vegna mála er varða tálmun eða takmörkun á umgengni þá yrðu slíkar rannsóknir alltaf háðar þeim takmörkunum sem rannsóknir barnaverndaryfirvalda eru, þ.e.a.s. að rannsóknir þeirra geta ekki orðið grundvöllur sakamáls líkt og um væri að ræða í tilvikum þar sem um er að ræða tálmun eða takmörkun á umgengni. Slík rannsókn er ávallt í höndum lögreglu, sbr. 1. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og 8. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, sem haft getur til hliðsjónar gögn sem barnaverndaryfirvöld hafa í vörslum sínum. Lögregla mun því, að mati LSS, ávallt þurfa að framkvæma sína eigin sakamálarannsókn óháð því hvort rannsókn hafi farið fram hjá barnaverndaryfirvöldum.

2. LSS tekur undir með flutningsmönnum frumvarpsins um að allur málarekstur er varðar deilur milli forsjáradila verði íþyngjandi fyrir alla hlutaðeigandi, ekki síst þau börn sem um ræðir. Að mati LSS verður þó ekki komið í veg fyrir slíkan málarekstur verði hið framlagða frumvarp að lögum. Að mati LSS má gera ráð fyrir að málarekstur á grundvelli hins framlagða frumvarps verði síst meira íþyngjandi en nú er. Sem dæmi má nefna að við sakamálarannsókn mála er kunna varða tálmun eða takmörkun á umgengni hljóti að þurfa að fá börn fyrir dóm til að bera vitni, sbr. a-lið 1. mgr. 59. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þá má gera ráð fyrir því að lögregla muni taka skýrslur af foreldrum, ættingjum og vinum.

3. Að lokum bendir LSS á 193. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem hljóðar svo:

„Hver, sem sviptir foreldra eða aðra rétta aðilja valdi eða umsjá yfir barni, sem ósjálfráða er fyrir æsku sakir, eða stuðlar að því, að það komi sér undan slíku valdi eða umsjá, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 16 árum eða ævilangt“

Brekkustigur 39
260 Reykjaneshar
• Yfirstjórn
• Eignarmál og skrástofshald
• Lögfræðisvið
• Rannsóknardeild
• Fikniehateymi

Hringbraut 130
230 Reykjaneshar
• Almenn deild

Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Keflavíkurflugvöllur
• Flugstöðvardeild

Vikurbraut 25
240 Grindavík
• Hverfastöð

Strandgata 17
245 Sandgerði
• Hverfastöð

Sunnubraut 4
250 Garður
• Hverfastöð

Hafnargata 17
190 Vogar
• Hverfastöð

Skógarbraut 945
235 Reykjaneshar
• Hverfastöð

P. H. E.
1/2



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjaneshær, sími: 444 2200

Að mati LSS tekur greinin að verulegu leyti á þeirri háttsemi sem lýst er í hinu framlagða frumvarpi. Við skoðun á dómasafni Hæstaréttar Íslands má hins vegar sjá að ekki hefur reynt mikið á ákvæði 193. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þó bendir LSS á dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr 206/2006 (farið með barn til Frakklands þrátt fyrir bann sýslumanns). Verði ekki fallist á að 193. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 taki á þeirri háttsemi sem lýst er í hinu framlagða frumvarpi leggur LSS til að gerðar breytingar á almennum hegningarlögum í stað þess gerðar verði breytingar á barnaverndarlögum.

Reykjaneshær, 26. maí 2017.


Ólafur Helgi Kjartansson
Lögreglustjóri



2/2

Brekkustígur 39

260 Reykjaneshær

- Vefstjórn
- Fjórmið og skrifstofuhald
- Lögræðisvið
- Rannsóknardeild
- Fíkniefnateymi

Hringbraut 130

230 Reykjaneshær

- Almenn deild

Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Keflavíkurlugvöllur

- Flugstöðvardeild

Vikurbraut 25

240 Grindavík

- Hverfastöð

Strandgata 17

245 Sandgerði

- Hverfastöð

Sunnubraut 4

250 Garður

- Hverfastöð

Hafringata 17

190 Vogar

- Hverfastöð

Skógarbraut 945

235 Reykjaneshær

- Hverfastöð